

Samstarfsnefnd um fjölbrautaskóla á Suðurnesjum.

14. fundur.

Haldinn í húsnæði skólans þann 18. ágúst 1976. Mættir voru allir nefndarmenn aðrir en Eggert Ólafsson. Skólameistari og Ingólfur Halldórsson voru einnig mættir. Hófst fundur klukkan 17⁰⁰.

Samþykkt var í fundarbyrjun að hafa þennan fund sem fund samstarfsnefndar en ekki skólanefndar, þar sem tvö sveitarfélögin hafa ekki ennþá tilnefnt fulltrúa sína í skólanefnd.

Ingólfur taldi allar líkur benda til þess, að í vetur yrðu starfsmæktar ræktar lo deildir við skólann, þ.e. fjórar deildir á iðn- og tækni- braut, þrjár á bóknámsbraut og þrjár á framhaldsbraut.

Skólameistari sagði að til tals hefði komið að ~~þá~~ reyna að leysa úr húsnæðisvanda verklegu kennslunnar með því að láta hana fara fram á verkstæðum í Keflavík eða Njarðvík.

Ingólfur kvaðst þó telja æskilegra að ráða kennara til þessarar kennslu 1. sept. n.k. og láta hann vinna að því fyrir hluta skólaársins að byggja upp kennsluáðstöðu í leiguhúsnæði, því ekki væri nauðsynlegt að hefja verklegu kennsluna þegar í upphafi skólaársins.

Samþykkt var að kanna fyrir næsta fund hvaða möguleikar væru á húsnæði til þessarar kennslu.

Að verknámskennslu og íþróttakennslu undanskildum virðist sem húsnæði skólans verði nægilegt að stærðinni til..

Skólameistari kvaðst vilja leggja kapp á að framfylgja lögum um líkamsrækt sem best. Samþykkt var að kanna húsnæðismöguleika fyrir íþróttakennsluna í Njarðvík.

Þá lét skólameistari þess getið að hann ætlaði sér að semja og láta prenta upplýsingabækling um innari byggingu skólans. Í bæklingi þessum verða skýringar á áfangakerfi því sem viðhaft verður í náminu, einnig mun þar koma fram hverra kosta nemendur eiga vól á í námi innan skólans.

Skólaakstur: Áætlaður nemendafjöldi skólans á komandi skólaári er sem hér segir: Keflavík 134 nem., Njarðvík 27 nem., Grindavík 18 nem., Gerðahreppur 13 nem., Miðneshreppur 10 nem., Vatnsleysustrhr. 4 nem. og Hafnahreppur 2 nem.

Voru menn sammála um að nauðsynlegt væri að auglýsa eftir tilboðum í aksturinn sem fyrst.

Var skólameistara og Ingólfi falið að ganga frá þeirri auglýsingu í samráði við skólastjóra gagnfræðaskólans, en auglýst verður sameiginlega fyrir báða skólana og munu því tölur sveitarfélaganna hér að ofan hækka nokkuð, utan Keflavíkur og Njarðvíkur.

Fjármál: Samþykkt var að fela skólameistara og Ingólfi að gera fjárhagsáætlun fyrir skólann fyrir næsta fund, svo unnt verði að leggja hana fyrir sveitarstjórnir sem fyrst.

Mötuneyti: Möguleikar eru á að fá aðstöðu fyrir mötuneyti í Skátaheimilinu í Keflavík og virðist það vera fremur hentugt. Ekki hefur þó verið tekin endanleg ákvörðun í þessu máli.

Formanni var falið að kanna hver þátttaka ríkissjóðs verði í rekstri mötuneytisins.

Bókasafn: Unnið er af krafti við gerð teikninga og við skipulagningu safns þess sem vera á í gagnfræðaskólanum. Var formanni falið að fylgjast með því máli.

Næst var rætt um hver staða Ingólfs Halldórssonar yrði við skólann. Voru menn sammála um að eðlilegt og æskilegt væri að hann yrði yfirkennari við skólann og jafnframt deildarstjóri iðn- og tæknibrautar fyrsta starfsárið.

Skólameistara var falið að ráða skrifstofumanneskju að skólanum.

Formaður boðaði til næsta fundar á sama stað og tíma, þriðjudaginn 24. ágúst, sleit hann því næst fundi þar sem dagskrá var tæmd.

Fundarritari.

Hreinn Ásgrímsson (sign)